

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, Hringhella 6, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, Hringhella 6, Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur á lóðinni er stækkaður og verður tvo metra frá lóðarmörkum í suðri í stað tíu metra og 7,5 metra frá lóðarmörkum í vestri í stað 15,5 metra. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. nóvember 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005